

2. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 1965. Þá falla jafnframt úr gildi lög nr. 111 9. okt. 1941, um eftirlit með opinberum sjóðum, svo og lög nr. 20 11. febr. 1953, um viðauka við þau lög.

Gjört að Bessastöðum, 20. maí 1964.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við ákvæði laganna til bráðabirgða bætist nýr töluliður, svo hljóðandi:

3. Á meðan Kjararannsóknarnefnd starfar, skal kostnaður við störf nefndarinnar greiddur úr atvinnuleysistryggingasjóði. Reikningar yfir slíkan kostnað skulu samþykktir af forsætisráðherra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 21. maí 1964.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

L Ö G

um kísilgúrverksmiðju við Mývatn.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórnin skal beita sér fyrir stofnun hlutafélags, er reisi og reki verksmiðju við Mývatn og Námaskarð í Suður-Þingeyjarsýslu, til þess að vinna markaðshæfan kísilgúr úr botnleðju Mývatns. Í því skyni er henni heimilt:

1. Að leggja fram allt að kr. 50 millj. af fé ríkissjóðs sem hlutafé í nefndu hlutafélagi. Einnig er henni heimilt að taka lán í þessu skyni og til greiðslu undirbúningskostnaðar.